

OYSTER PERPETUAL
MILGAUSS

ROLEX

M

MICHELSSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 22. október 2014 | 28. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

VIÐ **ELSKUM**
AÐ PRENTA!



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

**Kostnaður
slitastjórna
bankanna
er samtals**

8 MILLJARÐAR KR.
Á FYRRI HELMINGI ÁRS 2014

Landsbankinn

Milljónir á fyrri helmingi árs 2014

Laun	814
Póknun slitastjórnar*	
Lögfræðiráðgjöf	1131
Önnur sérfræðiráðgjöf	328
Heildarkostnaður	2.660 milljónir

*Ekki gefið upp

Kaupþing

Milljónir á fyrri helmingi árs 2014

Laun	668
Póknun slitastjórnar	103
Lögfræðiráðgjöf	570
Önnur sérfræðiráðgjöf	827
Heildarkostnaður	2.620 milljónir

Glitnir

Milljónir á fyrri helmingi árs 2014

Laun	372
Póknun slitastjórnar	91
Lögfræðiráðgjöf	555
Önnur sérfræðiráðgjöf	1.089
Heildarkostnaður	2.690 milljónir

Ekki á leið í höllina á næstunni

Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri LÍÚ, segist ekki vita til þess að fyrirtæki innan sambandsins séu að skoða að elta HB Granda inn í Kauphöllina. Hann segir aukna aðkomu almenningssjávarútvegi geta hjálpað greininni að flytja mál sitt.

„Ég held að það gæti verið spennandi fyrir greinina að fá fleiri eigendur inn en við höfum engar upplýsingar um að sjávarútvegsfyrirtækin séu að skoða skráningu í Kauphöllina,“ segir Kolbeinn.

→ **SÍÐA 4**



Gafflarnir í verslanir í Ameríku

Lauf Forks hefur samið við bandaríska fyrirtækið QBP um dreifingu á hjólagöfllum íslenska nýsköpunarfyrirtækisins í Bandaríkjunum, Kanada, Mexíkó og Mið-Ameríku.

„Fyrirtækið er stærsti dreifingaraðili hjóla- varnings í heiminum og nú geta verslanir á lykilmarkaðssvæðum tekið gafflana okkar til sölu á einfaldan hátt. Þetta er því stórt skref fyrir okkur og mikill gæðastimpill,“ segir Benedikt Skúlason, framkvæmdastjóri og einn af eigendum Lauf Forks.

→ **SÍÐA 2**

Færir sig yfir til Fríhafnarinnar

„Þetta er spennandi starfsvettvangur í smásölugeiranum sem ég þekki vel og tengist líka ferðalögum og ferðamönnum sem er mjög vaxandi markaður á Íslandi,“ segir Þorgerður Þráinsdóttir, nýráðinn framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar.

Þorgerður er fædd og uppalin á Húsavík, lærði sálfræði við Háskóla Íslands og hefur starfað hjá hjá Lyfju frá árinu 2003.

→ **SÍÐA 8**



SHARP

SJÓÐVÉLAR

40 ÁR Á ÍSLANDI

ÖRUGGAR OG
ENDINGARGÓÐAR



XE-A147B

8 Vörflokkar · 200 PLU númer
· Sjálfvirk dagsetning og tími
· Hitaprentun · Rafrænn innri strimill
· Mjög auðveld í notkun
Verð kr. 49.900



XE-A207B

99 vörflokkar · Allt að 2000 PLU númer · Rafrænn innri strimill 9000 línur · Stór LCD skjár · SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC · Sjálfvirk dagsetning og tími
· Hitaprentun · Íslenskur strimill · Mjög auðveld í notkun
Verð kr. 74.900



XE-A307

99 vörflokkar · Allt að 10,000 PLU númer
· SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC
· Sjálfvirk dagsetning og tími · Hitaprentun
· Íslenskur strimill · Mjög auðveld í forritun
Verð kr. 89.900

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS

Vaxtaokrið er myllusteinn um háls Íslands

Skjóðan



ÍSLENSK FYRIRTÆKI geta ekki keppt á jafnréttisgrundvelli við erlend fyrirtæki. Á það jafnt við um samkeppni á erlendum mörkuðum og samkeppni á innanlandsmarkaði. Löggjafinn hefur reynt að styrkja samkeppnisstöðu innlendra matvælaframleiðenda gagnvart innflutningi með hvers kyns viðskiptahömlum og tollavernd. Jafnvel hefur verið gengið svo langt að undanskilja einstaka þætti innlestrar matvælaframleiðslu almennum samkeppnisreglum.

Sértækar verndaraðgerðir eins og tíðkaðar hafa verið hérlandis í þágu íslensks landbúnaðar leiða til lengdar til stöðunar og loks hnignunar í viðkomandi atvinnugrein auk þess sem viðskiptahömlur og tollamúrar eru ávallt dýrkeypt fyrir neytendur og samfélagið í heild.

GJALDEYRISHÖFT halda íslensku atvinnulífi og heimilum í spennitreyju. Nýfjárfesting er hverfandi og nær ekkert fjármagn kemur frá útlöndum til atvinnu- og gjaldeyris-skapandi fjárfestingar. Það fjármagn sem kemur í gegnum gjaldeyrisleið Seðlabankans rennur aðallega til kaupa á fasteignum og skráðum verðbréfum og stuðlar því að þenslu og eignabólu í haftahagkerfinu án þess að leiða af sér atvinnuskapandi fjárfestingu.

VAXTAUMHVERFI íslenskra fyrirtækja er gerólikt því umhverfi sem fyrirtæki í nágrannalöndum okkar búa við. Á sama tíma og seðlabankar í öðrum löndum halda vöxtum því sem næst í núllinu eru raunvextir á Íslandi gríðarlega háir. Raunvextir verðtryggðra fjárfestingarlána eru algengir á bilinu

6-8 prósent. Nafnvextir óverðtryggðra fjárfestingarlána eru algengir á bilinu 10-12 prósent, sem þýðir 8-10 prósent raunvexti miðað við verðbólgu á þessu ári.

SEÐLABANKINN leggur grunn að þessu vaxtaokri með stýrivöxtum sem eru margfaldir á við það sem þekktist í nágrannalöndunum. Íslenskir bankar lána að sjálfsögðu ekki peninga til fjárfestingar úti í atvinnulífínu nema þeir fái hærri umbun fyrir en þeir geta fengið með því að leggja peningana inn á reikning í Seðlabankanum.

EIN ÁSTÆÐA ÞESS að íslenskur sjávarútvegur blómstrar nú sem aldrei fyrr er sú að sjávarútvegurinn starfar ekki nema að litlum hluta innan hins íslenska hagkerfis. Tekjur hans og

skuldir eru í erlendri mynt og því bítur vaxtaokur krónuhagkerfisins ekki á hann.

Á MEÐAN íslensk fyrirtæki njóta ekki sambærilegra vaxtakjara og aðgengis að fjármagni og fyrirtæki í öðrum löndum, verður ekki um raunverulega endurreisn íslensks atvinnulífs að ræða. Ísland mun halda áfram að dragast aftur úr þeim löndum sem við höfum borið okkur saman við þar til ráðist verður að rótum vandans.

EIN LEIÐ til nýrrar sóknar er að Ísland stefni markvisst að upptöku nýs gjaldmiðils. Þar er skynsamlegast að horfa fyrst til aðildar að ESB og upptöku evru.

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

Gengi félaga í Kauphöll Íslands

4

Á UPPLÉIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

7

Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

3

STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN

NÝHERJI
64,4% frá áramótum

NÝHERJI
2,6% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN

TM
-25,1% frá áramótum

EIMSKIP
-5,8% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	109,00	-16,2%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	218,50	-16,6%	-5,8%
Fjaraskipti (Vodafone)	32,15	18,0%	-4,2%
Hagar	44,80	16,7%	-0,4%
Icelandair Group	17,65	-3,0%	0,0%
Marel	104,00	-21,8%	-0,5%
N1	18,95	0,3%	0,8%
Nýherji	6,00	64,4%	2,6%
Reginn	14,85	-4,5%	-0,3%
Tryggingamiðstöðin*	24,00	-25,1%	0,8%
Vátryggingafélag Íslands**	8,20	-24,0%	-0,6%
Össur	308,00	34,5%	0,0%
HB Grandi	30,40	9,7%	-2,9%
Sjóvá	11,85	-12,3%	1,2%
Úrvalsvisitalan OMXI6	1.152,52	-8,5%	-0,3%
First North Iceland			
Century Aluminum	2.500,00	117,4%	0,0%
Hampiðjan	20,00	50,9%	0,0%
Sláturfélag Suðurlands	1,33	9,0%	0,0%

*fyrsta verð 08. maí 2013 **fyrsta verð 24. apríl 2013

Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

MIÐVIKUDAGUR 22. OKTÓBER

Hagstofan Mánaðarleg launavísitala í september 2014
Hagstofan Vísitala lífeyrisskuldbindninga í september 2014

FIMMTUDAGUR 23. OKTÓBER

Össur hf. Uppgjör þriðja ársfjórðungs
Hagar hf. Uppgjör þriðja ársfjórðungs

FÖSTUDAGUR 24. OKTÓBER

Nýherji hf. Uppgjör þriðja ársfjórðungs

MIÐVIKUDAGUR 29. OKTÓBER

Hagstofan Nýskráningar og gjaldþrot fyrirtækja
Þjóðskrá Hverjir eiga viðskipti með íbúðarhúsnæði?

Tryggingamiðstöðin hf. Uppgjör þriðja ársfjórðungs

FIMMTUDAGUR 30. OKTÓBER

Icelandair Group Uppgjör þriðja ársfjórðungs
VÍS hf. Uppgjör þriðja ársfjórðungs

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Gafflar Lauf Forks í verslanir í Ameríku

Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Lauf Forks hefur samið um dreifingu á hjólagöfllum til Norður- og Mið-Ameríku. Framkvæmdastjórinn segir samninginn vera stórt skref og mikinn gæðastimpil.

NÝSKÖPUN

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettablad



Flotaleiga – minnkar eyðslu

Með Flotaleigu Lýsingar geturðu lágmarkað kostnað við rekstur bílaflota fyrirtækisins

Bílafloti er stór kostnaðarliður í rekstri margra íslenskra fyrirtækja. Flotaleiga Lýsingar er nýr kostur á markaðnum sem gerir fyrirtækjum kleift að leigja bílaflota í stað þess að kaupa. Þannig má auka hagkvæmni, halda ófyrirséðum kostnaði í algjöru lágmarki og gera allar fjárhagsáætlanir fyrirtækisins áreiðanlegri.

**Kynntu þér kosti Flotaleigunnar og
fáðu allar nánari upplýsingar á lysing.is**

- 1 Einbeittu þér að því sem þú gerir best**
Áhyggjulaus rekstur bílaflotans, við stöndum vaktina með þér.
- 2 Þú veist hvað þú greiðir**
Föst mánaðargreiðsla í allt að þrjú ár.
- 3 Sveigjanleiki**
Það er hæðarleikur að breyta samningstíma.
- 4 Þú nýtur stærðarinnar**
Hagkvæmnin sem skapast við stærð Lýsingar skilar sér til þín í lægri greiðslu.
- 5 Nýir bílar nýtast best**
Með nýjum bílaflota nærðu aukinni hagkvæmni í rekstri og minni röskun verður á daglegri starfsemi.
- 6 Einföld verðskrá**
Allur kostnaður við almennan akstur og þjónustu er innifalinn.
- 7 Frábær yfirsýn**
Viðskiptavinir, sem þess óska, fá aðgang að upplýsingum úr ökurita sem auðveldar stýringu og eftirlit með stærri flota.

Ekki á leið í Kauphöllina á næstunni

Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri LÍÚ, segist ekki vita til þess að fyrirtæki innan sambandsins séu að skoða skráningu á markað. Aukin aðkoma almennings gæti hjálpað greininni að flytja mál sitt. Forstjóri Kauphallarinnar segir það ákveðin vonbrigði hversu hægt miðar í skráningum fyrirtækja í sjávarútvegi.

SVIPMYND

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

„Ég held að það gæti verið spennandi fyrir greinina að fá fleiri eigendur inn en við höfum engar upplýsingar um að sjávarútvegsfyrirtækin séu að skoða skráningu í Kauphöllina,“ segir Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), þegar hann er spurður hvort fyrirtæki innan sambandsins séu að skoða skráningu á markað.

„Engu að síður hlýtur að vera spennandi fyrir þessi fyrirtæki að geta verið með eggin í fleiri en einni kórðu, þegar kemur að fjármögnun, og maður myndi horfa á hlutabréfamarkaðinn sem valkost í því. Ég held að það væri einn af stóru plúsum fyrir þá sem hér sitja að fá fleiri hagadila inn að þessu blessaða borði,“ segir Kolbeinn.

Úr 24 fyrirtækjum í eitt

Greiningardeild Arion banka rifjaði nýverið upp að sjávarútvegurinn var burðarás í uppbyggingu Kauphallar Íslands á tíunda áratugnum og að blómaskeið hans á hlutabréfamarkaði endaði á árunum fyrir hrún. Í Markaðspunktum deildarinnar í lok september var bent á að 24 fyrirtæki í sjávarútvegi voru skráð á markað við síðustu aldamót. Í þeim hópi voru mörg af stærstu fyrirtækjunum innan LÍÚ, eins og Samherji, Vinnslustöðin og Síldarvinnslan, en einnig fyrirtæki sem einungis sinntu fiskvinnslu eða markaðssetningu sjávarafurða.

Aðeins eitt fyrirtæki, HB Grandi, er enn í höllinni en í apríl síðastliðnum sagði það skilið við First-North og fór aftur inn á Aðalmarkaðinn.

„HB Grandi ruddi brautina og það er mín niðurstaða að það hljóti eiginlega að gerast á næstu árum að fleiri fyrirtæki skoði þetta alvarlega,“ segir Kolbeinn.

„Sjávarútvegsfyrirtækin hafa styrkst heilmikið frá hrúni. Aflaheimildir hafa verið þokkalegar, markaðsaðstæður finar og veiking krónunnar hefur hjálpað útflutningsgreinunum. Greinin er mjög fjárfrek því það þarf miklar fjárfestingar til að standa undir þessu. Þær eru áberandi miklar núna þannig að þessi fyrirtæki hljóta að vera að leita leiða til að fjármagna sig með einhverjum hætti.“

Ýmsar ástæður

Óvissa um framtíð fiskveiðistjórnunar og veiðigjöldin hafa verið nefnd sem aðalástæðurnar fyrir því af hverju nýskráningarnar hafa ekki verið fleiri en raun ber vitni.

„Það er kannski það sem stendur þessu fyrir þrífum að einhverju leyti en auðvitað er þetta mismunandi eftir fyrirtækjum. Samfélagsleg sjónarmið spila einnig inn í þetta að einhverju leyti og í öðrum tilvikum eru menn jafnvel að hugsa um að halda sinni stjórn yfir fyrirtækjunum, bara eins og gengur,“ segir Kolbeinn og heldur áfram:

„Þetta er einnig að einhverju leyti það að menn eru að komast í gegnum ákveðinn skafl núna sem er skuldsetningin sem kom hart niður á þessum fyrirtækjum eins og öðrum í hruninu þegar erlendu skuldirnar hækkðu. Það er að jafna sig núna og ef okkur tekst að klára það og koma fyrir vind þessari umræðu um fiskveiðistjórnunarkerfið og veiðigjöldin, og koma af stað kerfi sem hægt er að vinna eftir til lengri tíma, þá verða uppi aðrar aðstæður í greininni.“

Leið til að koma almenningi inn

Í samantekt Arion banka er einnig rifjað upp að áður var hægt að fylgjast með fréttum af afkomu og horfum greinarinnar í gegnum tilkynningar stærstu sjávarútvegsfyrirtækja landsins til Kauphallarinnar. Almennungur hafi þá haft greiðari aðgang að upplýsingum um gengi greinarinnar í gegnum ársfjórðungsuppgjör og aðrar tilkynningar.

„Þetta er ein leið til að koma íslenskum almenningi inn í reksturinn á þessum fyrirtækjum. Fleiri skráningar myndu hjálpa greininni að flytja mál um að þetta séu fyrirtæki sem þurfa að hafa arðsemi á sitt eigið fé og að vera spennandi kostur fyrir eigendur sína. Því fleiri sem hagsmunaaðilarinn eru því líklegri er að fólk fari aftur að horfa á sjávarútveginn sem atvinnugrein en ekki eitthvað annað,“ segir Kolbeinn.

„Tökum sem dæmi sveiflur í afkomu greinarinnar eins og þær þegar loðnukvótinn er ekki jafn stór og menn gerðu ráð fyrir. Þegar fyrirtæki sem eru skráð á markað verða fyrir slíku átta menn sig betur á því hvað við er að eiga þegar þeir sjá gengi bréfa í sínum fyrirtækjum fara upp eða niður.“


Kolbeinn segir fyrirtækin innan LÍÚ spennandi kost fyrir fjárfesta,



FRAMKVÆMDASTJÓRI LÍÚ Kolbeinn Árnason segir fleiri skráningar geta leitt til þess að fólk fari aftur að horfa á sjávarútveginn sem atvinnugrein en „ekki eitthvað annað.“

FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

FJÖLDI SKRÁÐRA SJÁVARÚTVEGSFYRIRTÆKJA Í KAUPHÖLL ÍSLANDS



HEIMILD: GREININGARDEILD ARION BANKA

„Sjávarútvegsfyrirtækin hafa styrkst heilmikið frá hrúni.“

Við stöndum vörð um öflug fyrirtæki



Atlantsolía

Með 19 sjálfsafgreiðslu-
stöðvum, birgðastöð og
fjórum olíubílum er hægt að
 tryggja aukna samkeppni á
eldsneytismarkaði á Íslandi.



Brim

Þrír afkastamiklir frystitogarar
og öflugt starfslið tryggja
Íslendingum hærri útflutnings-
tekjur af gæðahræfni.



Isavia

Það þarf mikil umsvif til
að tryggja öryggi á öllum
flugvöllum landsins og sjá
um nærri 5,5 milljóna km²
flugstjórnarsvæði.



Landsbankinn

Stærsta fjármálafyrirtæki á
Íslandi með víðtækasta útibúa-
netið tryggir trausta og alhliða
fjármálaþjónustu um allt land.



Hér er góður staður fyrir þitt fyrirtæki



Landsvirkjun

Stærsta fyrirtæki landsins í
orkuvinnslu vinnur 73% allrar
raforku innanlands til að tryggja
fólki og fyrirtækjum rafmagn.



Marel

Eitt af stærstu útflutnings-
fyrirtækjum Íslands tryggir
markaðnum hugvitsamlegar
lausnir til vinnslu matvæla.



RÚV

Til að tryggja landsmönnum
fréttir, skemmtun og fróðleik
þarf fjölda starfsmanna,
tæknibúnað og húsnæði.



Össur

Rannsóknir og nýsköpun
styrkja stoðir atvinnulífsins með
framleiðslu sem tryggir að fólk
geti staðið á eigin fótum.

Traustsins verðir

Vörður nýtur trausts hjá öflugum íslenskum fyrirtækjum og stofnunum.
Áhersla okkar á einföld og þægileg viðskipti er nokkuð sem fyrirtæki af
öllum stærðum og gerðum kunna að meta.

Hafðu samband og fáðu tilboð í tryggingar þíns fyrirtækis.

VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÍNU FYRIRTÆKI BETUR





STÝRA GLITNI Páll Eiríksson og Steinunn Guðbjartsdóttir hafa setið í slitastjórn Glitnis allt frá því að Héraðsdómur Reykjavíkur skipaði hana vorið 2009 í samræmi við lög um slitameðferð fjármálafyrirtækja.

Átta milljarðar í rekstrarkostnað gömlu bankanna á hálfis árs tímabili

Samanlagður rekstrarkostnaður gömlu bankanna nam átta milljörðum króna á fyrri helmingi árs. Kostnaðurinn skýrist að stærstum hluta af kaupum á lögfræðipjónustu og annarri sérfræðipjónustu. Greiðslur til starfsmanna og slitastjórnarmanna eru einnig háar. Ólíklegt er að slitameðferð ljúki í fyrirsjáanlegri framtíð.

ÚTTEKT

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



Rekstrarkostnaður slitastjórna föllnu bankanna þriggja nam á fyrri helmingi ársins 2014 samtals átta milljörðum íslenskra króna. Þetta má lesa út úr árshlutauppgjörum þeirra.

Glitnir greiddi 2,69 milljarða, Kaupþing 2,66 milljarða og LBI (gamli Landsbankinn) greiddi 2,62 milljarða króna. Rekstrarkostnaður bankans minnkaði um níu prósent. Þar af dróst launakostnaður saman um 37 prósent en lögfræðikostnaður sem er keyptur utan Íslands jókst um 81 prósent milli fjórðunga.

LBI hefur markvisst dregið úr kostnaði við starfsemina að undanfögnu. Skrifstofum í Amsterdam verður lokað áður en árið er á enda og verður erindum í Amsterdam sinnt frá Reykjavík. Þá kemur fram að verið sé að draga úr kostnaði við rekstur á skrifstofunni í Lundúnum og hagræðing þar muni halda áfram í ár og á næsta ári. Jafnframt kemur fram að verið sé að reyna að draga saman í rekstrarkostnaði á skrifstofunni í Reykjavík og starfsmönnum þar hafi fækkað. Starfsmönnum Kaupþings og LBI hefur einnig fækkað verulega frá því að slitastjórnirnar tóku fyrst til starfa.

Í öllum tilfellum er stærsti kostnaðarliðurinn aðkeypt lög-

fræðiráðgjöf og önnur aðkeypt ráðgjöf. Glitnir greiddi 555 milljónir króna fyrir lögfræðiráðgjöf á fyrri helmingi ársins sem er um 110 milljónum meira en á sama tímabili í fyrra. Kaupþing greiddi 570 milljónir fyrir sambærilega lögfræðiráðgjöf en það er 635 milljónum minna en á sama tíma í fyrra. Landsbanki Íslands greiddi aftur á móti 1.131 milljón fyrir lögfræðiráðgjöf en það er aukning um tæplega 200 milljónir króna.

Kostnaður við aðra aðkeypta sérfræðiráðgjöf er einnig drjúgur, nam tæpum 1.100 milljónum hjá Glitni á fyrri helmingi ársins, 827 milljónum króna hjá Kaupþingi og 328 milljónum hjá Landsbanka Íslands. Þá telur launakostnaðurinn einnig drjúgt en samanlagt greiddu þessir bankar 1.853 milljónir króna í laun og launatengd gjöld vegna starfsmanna sinna á fyrri helmingi ársins. Þar með eru ekki taldar tekjur slitastjórnarmanna. Glitnir greiddi slitastjórnarmönnum sínum 91 milljón í tekjur á fyrstu sex mánuðum ársins, slitastjórnarmenn Kaupþings fengu 103 milljónir en ekki er tekið fram í ársreikningi LBI hvað slitastjórnarmennirnir fengu greitt.

Greiðslur til slitastjórna gagnrýndar

Háar greiðslur til slitastjórnarmanna hafa reyndar orðið tilefni til gagnrýni. Til að mynda sagði ritstjóri Tímarits lögfræðinga í ritstjórnarpistli rétt fyrir síðustu áramót að þær greiðslur sem lög-

„Það er vandamál hjá okkur að við getum ekki úthlutað lausu fé, þar með talið andvirði seldra eigna, til kröfuhafanna. Við þurfum að vega og meta hvenær er besti tíminn til að selja eignir.

fræðingar í slitastjórnnum fá frá kröfuhöfum föllnu bankanna kölluðu á skýringar.

Hann vakti athygli á að samkvæmt kröfuhafaskýrslu vegna Kaupþings frá 20. nóvember í fyrra mun hver og einn slitastjórnarmeðlimur hafa rukkað 32.500 krónur fyrir hverja vinnustund, án virðisaukaskatts. Þeir tveir meðlimir slitastjórnarinnar sem eru með hæsta endurgjaldið unnu að meðaltali 184-188 tíma á mánuði ásamt því að sinna öðrum krefjandi störfum samhliða. Sagði Hafsteinn að ekki væri hægt að bera þessar greiðslur til slitastjórnarmanna saman við greiðslur til lögmanna í fjármálaverfinu City í Lundúnum. Íslenskir lögfræðingar þyrftu að miða við íslenskan raunveruleika.

VANDI VARÐANDI ARÐGREIÐSLURNAR

Greint hefur verið frá því að stefnt er á tvöfalda skráningu Íslandsbanka á hlutabréfamarkaði, hér á landi og annaðhvort á Norðurlöndunum eða í London.

Í viðtali Bloomberg-fréttaveitunnar við Jón Guðna Ómarsson, fjármálastjóra bankans, segir hann að erlent hlutabréfaútboð myndi gagnast núverandi eigendum bankans sem vilji selja en séu ekki langtímaeigendur bankans. Fjármagnshöftin skapi þó enn vanda.

„Áður en við getum farið í útboðið verðum við að vera viss um að geta greitt út arð í erlendum gjaldeyri,“ segir Jón Guðni. „Það þarf að vera alveg skýrt frá hendi Seðlabankans að við munum hafa þennan sveigjanleika þar sem það mun veita fjárfestum öryggi um að greiddur verði út arður af fjárfestingunni í framtíðinni.“

Spurð að því hvort tvíhliða skráning geti farið fram áður en breytingar hafi verið gerðar á lögum um fjármagnshöft, segir Steinunn Guðbjartsdóttir: „Verið er að vinna að sölu á bankanum. Vissulega skipta fjármagnshöft máli í því sambandi.“

Hægir á sölu eigna

Þótt slitabúin séu markvisst að minnka starfsemi sína og draga úr kostnaði eru ekki vísbendingar um að slitameðferðinni ljúki í fyrirsjáanlegri framtíð. Í skýrslu fjármálastöðugleikasviðs Seðlabanka Íslands segir þvert á móti að vísbendingar séu um að slitabú föllnu bankanna haldi að einhverju leyti að sér höndum við að umbreyta eignum í laust fé. Þetta skiptir máli í ljósi þess að slitameðferðin snýst fyrst og fremst um að hámarka virði eigna, umbreyta þeim í laust fé og greiða það kröfuhöfum að lokum.

Seðlabankinn skýrir þessa þróun á þann hátt að vegna fjármagnshaftanna hafi gengið illa að greiða út úr búunum til kröfuhafa. Búin geti því metið það sem svo að það þjóni hagsmunum þeirra

Rekstrarkostnaður á fyrri helmingi árs*

	2014	2013
Glitnir	2,69	2,41
Kaupþing	2,66	2,86</

fé, þar með talið andvirði seldra eigna, til kröfuhafanna. Við þurfum að vega og meta hvenær er besti tíminn til þess að selja eignir sem við eigum. Ef við umbreytum eign sem við eigum nú þegar yfir í peninga, þá horfum við fram á að þeir peningar eru einhvers staðar á reikningi með tiltölulega lágum vöxtum á meðan eignin er kannski að skila góðum arði í því formi sem hún er í í dag. Auðvitað hefur þetta allt saman áhrif og það er líka flókið að finna rétta tímann til að selja eignir,“ segir Jóhannes Rúnar.

Hann segir að það sé víðar en hér sem vextir af bankareikningum eru lágir. „Okkur ber skylda lögum samkvæmt til að hámarka virði eignanna. Við værum að bregðast þeirri skyldu okkar ef við seldum eign sem skilar búinu góðri ávöxtun og legðum andvirði hennar inn á reikning með tiltölulega lágrí ávöxtun, vitandi það að það getur liðið nokkur tími þar til við getum úthlutað andvirðinu til kröfuhafa. Fyrir utan það að við erum með mikið af eignum sem hafa skilað okkur góðri afkomu,“ segir Jóhannes Rúnar.

Í skýrslunni kemur fram að búin hafa nú umbreytt um 2/3 af heildareignum í laust fé. Hefur það gerst nokkuð jafnt og þétt yfir tíma hjá öllum búunum. Þá segir jafnframt að ólíkur hraði á lausafjársofnun milli búanna skýrist að verulegu leyti af eignasamsetningu þeirra. Bú Kaupþings eigi hlutfallslega mun meira af eignum sem samanstanda af eiginfjárlutun en eignir hinna búanna eru meiri í skuldaskjöllum. Eftir því sem líður á slitameðferðina verður sífellt erfiðara að

umbreyta þeim eignum sem eftir standa í laust fé því að auðseljanlegustu eignir losna fyrst.

Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, segir að af heildareignum búans sé búið að koma u.þ.b. 70% af eignum í verð. Hún segir að viðskiptaleg sjónarmið ráði ákvörðun um ráðstöfun eigna. „Ef hagkvæmara er að biða með ráðstöfun um sinn, til dæmis til að njóta arðs af eign eða biða betri sölutíma, þá er það gert enda er það ein af skyldum slitastjórnar að hámarka verðmæti eigna.“ Hún vill ekki greina frá því hverjar eru síðustu eignir sem bankinn seldi. „Vísu til þeirra opinberu upplýsinga sem tiltækar eru um Glitni,“ segir hún í svari við fyrirspurn um málið.

Eignirnar nema einni og hálfri landsframleiðslu

Í skýrslu fjármálastöðugleika segir að eignir Glitnis, Kaupþings og LBI séu nú metnar á um eina og hálfa landsframleiðslu. Þar af eru innlendar eignir um 38% en hlutfall innlendra krafna er einungis tæplega 6%. Að öðru óbreyttu muni tæplega hálf landsframleiðsla af innlendum eignum koma í hlut erlendra kröfuhafa. Viðskiptajöfnuður þjóðarbúsins veiti ekki svigrúm fyrir útlæði krónueigna búanna og hindra verði fyrirsjáanlegt ójafnvægi í greiðslujöfnuði þjóðarbúsins af útgreiðslum þeirra með því að draga úr vægi innlendra eigna í eignasöfnum þeirra. Engar ákvarðanir liggja fyrir um framhald slitameðferðar búanna og raunar segir að framhald slitameðferðar föllnu bankanna sé verulegri óvissu háð.



SLITASTJÓRN LANDSBANKANS Herdís Hallmarsdóttir og Halldór Backman mynda slitastjórn Landsbankans ásamt Kristni Bjarnasyni.

KRÖFUHAFAR FUNDA Á MORGUN

Slitastjórn Landsbankans heldur fund með kröfuhöfum á morgun, fimmtudag. Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi LBI, vildi af þeirri ástæðu ekki svara fyrirspurn Fréttablaðsins um það hverjar helstu eignir kröfuhafanna væru eða hvaða eignir bankinn hefði síðast selt. Þá

var einnig spurt hvort slitastjórnarmenn hefðu samið um einhverjar aukagreiðslur frá kröfuhöfum ef nauðasamningar myndu nást. Slíkir fundir eru haldnir reglulega en þar er meðal annars farið yfir slitaferlið og á morgun verður farið yfir reikninga fyrir þriðja fjórðung. Einnig

verður rætt um samninga vegna skuldabréfs Landsbankans hf. Eins og kunnugt er biða samningsaðilar þess að Seðlabanki Íslands veiti svar um það hvort undanþágubeiðni, sem er forsenda samningsins, verði samþykkt. Frestur til að gefa svar rennur út á morgun.

Iðnaðarhúsnæði til leigu



Óskum eftir leigjanda að um 200 fermetra iðnaðarhúsnæði að Malarhöfða 2.

- Tvær 5 metra háar rennihurðir.
- Húsnæðið er laust með mjög litlum fyrirvara.
- Leigutími samkomulag en að lágmarki til 31. maí 2016.
- Tilboð sendist til Fréttablaðsins merkt „Iðnaðarhúsnæði Malarhöfða“.
- Verð 290 þúsund á mánuði.

Make it matter.



Ódýrari í rekstri

með nýrri, byltingarkenndri prenttækni HP og betri orkunýtingu.



Margfalt minni umbúðir

HP Officejet Pro X fjölnotaprentarar



Nýtt hraðameð í prentun
– allt að 70 blaðsíður á mínútu

↓ 50%

Helmingi ódýrari í rekstri
en sambærilegir laserprentarar



Umhverfisvænn



Kynntu þér eiginleika nýju „HP PageWide“ tækninnar

*Samkvæmt Guinness World Records og prófunum Buyers Laboratory LLC.

Fáðu ráðgjöf sérfræðinga Opinna kerfa við val á lausnum sem henta þínum þörfum og umhverfi.

Nánar á www.ok.is/ProX

OPIN KERFI

Sérfræðingar þér við hlið



TEKUR VIÐ FRÍHÖFNinni Þorgerður er fædd og uppalin á Húsavík og segist vita fátt betra en að eyða sumarfríinu fyrir norðan.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vann um tíma sem flugfreyja hjá Atlanta

Þorgerður Práinsdóttir var nýverið ráðin framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar. Hún er fædd og uppalin á Húsavík, lærði sálfræði við Háskóla Íslands og hefur starfað hjá Lyfju frá 2003. Ætlar að dusta rykið af golfkylfunum.

SVIPMYND

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

„Þetta er spennandi starfsvettvangur í smásölugeiranum sem ég þekki vel og tengist líka ferðalögum og ferðamönnum sem er mjög vaxandi markaður á Íslandi,“ segir Þorgerður Práinsdóttir, nýráðin framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar.

Þorgerður starfar í dag sem forstöðumaður verslana- og markaðssviðs Lyfju en mun fara yfir til Fríhafnarinnar á næstu vikum.

„Þetta er afar athyglisverður starfsvettvangur og velta Fríhafnarinnar hefur vaxið á undanförunum árum og stefnir í að fara upp í átta milljarða króna á þessu ári. Farþegum um Keflavíkurflugvöll er að fjölga mikið og það er áskorun fyrir Fríhöfnina sem verður spennandi að takast á við,“ segir Þorgerður.

Hún er stúdent frá Framhaldsskólanum á Húsavík og með BA- og Cand.psych-gráður í sálfræði frá Háskóla Íslands. Einnig lauk hún PMD-stjórnendanámi frá Opna háskólanum í Reykjavík í fyrra.

„Ég starfaði sem flugfreyja hjá Atlanta með námi og á sumrin frá 1998-2003,“ segir Þorgerður þegar

blaðamaður spyr um hennar fyrri störf. Hún nefnir einnig starf við ráðgjöf hjá fyrirtækinu IBM Consulting Services sem er í dag hluti af PwC á Íslandi.

„Svo var ég ráðin starfsmannastjóri Lyfju árið 2003 og ég sinnti því starfi í sjö ár eða þangað til ég tók við verslana- og markaðssviðinu,“ segir Þorgerður.


Hún hefur nú yfrumsjón með daglegum rekstri verslana Lyfju, Apóteksins og Heilsuhússins og sér því um öll innkaup, samninga við birgja og auglýsinga- og markaðsmál.

Þorgerður er gift Ingvari Jóhanni Kristjánssyni viðskiptafræðingi og þau eiga þrjú börn á aldrinum fimm til sjö ára.

„Fritíminn fer mikið í fjölskylduna. Ég eignaðist þrjú börn á innan við tveimur árum sem var þínu erfiðt en það er allt að verða mun einfaldara núna,“ segir Þorgerður og hlær.

„En ég hef einnig áhuga á líkamsrækt og ýmiss konar hreyfingu. Ég þarf líka að fara að dusta rykið af golfkylfunum. Þær fóru aðeins á hilluna þegar ég eignaðist börnin. Svo finnst mér gaman að elda og spá í uppskriftir og gera eitthvað nýtt og spennandi í þeim málum.“

TÆKJANÖRD SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á




„Þorgerður, eða Dæja eins og ég kalla hana, er nagli, traust, klár, skemmtileg, pottþétt og svo miklu meira til. Hún er einhver skipu-

lagðasta manneskja sem ég þekki og það er draumur hverrar „þetta reddast“-týpu að ferðast með henni. Löngu fyrir brottför er hún búin að mastera lestakerfi áfangastaðanna og er orðin vel upplýst um bestu verslanirnar og lagerstöð þeirra (í alvöru). Dæja er fátánlega tæknivædd og hugsar vel um sitt, hún verður komin með Apple-úrði á úlniðinn áður en við vitum af og á sennilega einn snyrtilegasta fjölskyldubíl á landinu. Hún hefur alla tíð stefnt hátt og ég held að við séum rétt að byrja að fylgjast með flottu flugi hennar.“

Kolbrún Þorkelsdóttir

lögfræðingur hjá Völvu lögmönnum



„Við Þorgerður höfum verið samstarfsaðilar og vinkonur í ein níu ár eða allt frá því hún réð mig til Lyfju árið 2005. Þorgerður er ein-

staklega greind kona, hefur gríðarlegan metnað í að gera vel og á mjög auðvelt með að setja sig inn í nýja hluti og tileinka sér ný störf. Ég veit ekki hvort það liggur í grunnmenntuninni eða ekki, en ég held að störf hennar í hinum ýmsum menningarheimum og heimshlutum fyrir háskólaárin hafi kennt henni að lesa vel í umhverfi sitt og skilja aðstæður betur en aðrir. Hún er algjört tækjanörd og mikill fagurkeri, finnst gott að borða góðan mat, drekka eðalvín og kaupa falleg föt, elskar allt með glímmi. Frábær manneskja sem verður sárt saknað!“

Unnur Steinsson

vörustjóri Lyfju


ASUSPRO SERIES



ASUS

HRÆÐI OG HREYFANLEIKI

Professional fartölvulínan frá Asus er hönnuð fyrir kröfuharða stjórnendur. Í sérflokkki hvað varðar hraða, áreiðanleika og gagnaöryggi. Sameinar glæsileika og kraftmikla vinnslu fyrir verkefni dagsins.



FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA

414-1710 / sala@tl.is



LÆTUR AF STÖRFUM Eyjólfur Árni Rafnsson hættir í starfi forstjóra Mannvits um áramótin.

Sigurhjörtur Sigfússon tekur við forstjórástöðu af Eyjólfri Rafnssyni:

Úr stóli forstjóra eftir tólf ára starf

Eyjólfur Árni Rafnsson, sem gegnt hefur starfi forstjóra Mannvits síðastliðin 12 ár, mun að eigin ósk láta af störfum sem forstjóri um næstu áramót. Í tilkynningu segir að hann muni áfram starfa fyrir félagið á sviði verkefnastjórnunar og markaðs- og kynningarmála. Við starfi Eyjólfss Árna tekur Sigurhjörtur Sigfússon, en hann hefur verið fjármálastjóri Mannvits frá því 2012. Sigurhjörtur er löggiltur

endurskoðandi og viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Áður en hann réðst til Mannvits var hann forstöðumaður áætlana og greininga hjá Skiptum.

Mannvit er alþjóðlegt ráðgjafar-fyrirtæki, en fyrirtækið og dótturfélög þess er með starfsemi auk Íslands í Þýskalandi, Ungverjalandi, Noregi, Bretlandi og Síle. Hjá fyrirtækinu starfa um 350 manns.

Forstjóri Total lést í árekstri á flugvelli í Moskvu



LÉST Í MOSKVU Christophe de Margerie, forstjóri franska olíufyrirtækisins Total, lét lífið í árekstri á flugvelli í Moskvu á mánudagskvöld þegar einkavél hans lenti í árekstri við drukinn ökumann á snjóplóg. Þrír úr áhöfn vélarinnar létust að auki. Hlutabréf í Total féllu um 1,35 prósent í Kauphöllinni í París í gær og flaggað var í hálfá stöng fyrir utan höfuðstöðvar fyrirtækisins í París.

NORDICPHOTOS/AFP

Vöxtur framundan í íslensku efnahagslífi

Ólafur Darri Andrason
hagfræðingur ASÍ

Horfur í íslensku efnahagslífi eru bjartari en um langt árabil. Samkvæmt nýrri spá hagdeildar ASÍ má búast við góðum vexti landsframleiðslunnar á komandi árum. Spáin gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði 3,1-3,5% fram til ársins 2016, árlegur vöxtur einkaneyslu verður á bilinu 3,4%-4,3%. Fjárfestingar taka við sér og aukast á bilinu 14,8%-17,2% en gert er ráð fyrir að ráðist verði í byggingu þriggja nýrra kísilverksmiðja og að íbúðafjárfesting aukist um rúm 20% á ári út spátímann. Þá dregur úr atvinnuleysi. Áhyggjuefni er að verðbólga fer vaxandi og verður yfir verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands næstu tvö árin og vextir hækka. Þó að dragi úr atvinnuleysi og atvinnuþátttaka aukist þá virðist meira atvinnuleysi en þekktist fyrir hrún vera að festast í sessi hér á landi.

Stefnuleysið skaðar

Þrátt fyrir batnandi stöðu eru undirliggjandi veikleikar í hagkerfinu. Við búum enn við gjald-eyrishöft og enn bolar ekkert á tillögum ríkisstjórnarinnar um gengis- og peningamálastefnu. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hversu skaðlegt það er að ekki liggi fyrir stefna í þessum lykilþáttum efnahagslífsins sex árum eftir hrún. Þá er útlit fyrir að hagvöxtur verði borinn uppi af vexti þjóðarútgjalda í stað þess að útflutningur dragi vagninn. Jöfnuður í viðskiptum við útlönd versnar því á komandi árum. Þrátt fyrir að ríkissjóður verði rekinn með afgangi er ekki sjáanlegt að ríkisfjármálin muni styðja við það sem hlýtur að vera eitt helsta markmið efnahagsstjórnarinnar sem er að viðhalda stöðugleika. Þvert á móti virðast stjórnvöld ætla að gera sömu hagstjórnarmistökina og gerð voru á árunum fyrir hrún þegar ríkisfjármálin unnu beinlínis gegn viðleitni Seðlabankans til að koma á stöðugleika. Þá má gera ráð fyrir að sú hrina launaleiðréttinga, sem hófst í upphafi ársins, muni halda

áfram þannig að taktur launabreytinga verði svipaður næstu árin og á yfirstandandi ári.

Óvissa á vinnumarkaði

Aðilar vinnumarkaðarins hafa í sameiningu unnið að því að leggja grunn að því að við getum búið við sambærilega kjara- og efnahagsþróun og önnur Norðurlönd. Þar er áhersla lögð á gengis- og verðstöðugleika og uppbyggingu kaupmáttar í hægum en öruggum skrefum án þess að veikja samkeppnisstöðu útflutningsatvinnuveganna. Til þess að slíkt geti gengið eftir þarf annars vegar breiða sátt um að það fyrirkomulag sé æskilegt og hins vegar trúverðuga efnahagsstefnu sem hefur sama markmið. Hvorugt er til staðar. Langt er síðan jafn lítil samstaða hefur verið á vinnumarkaði um launastefnu. Þannig samdi ríkisvaldið t.d. um tæplega 30% hækkun launa framhaldsskólakennara í rúmlega tveggja og hálfis árs samningi þar sem 16% launahækkun kemur á fyrsta ári samningstímans á meðan almennar launahækkningar margra hópa voru 2,8% í eins



árs samningi. Þá hafa stjórnvöld á engan hátt staðið við yfirlýsingar um að haga ákvörðunum sínum og stefnumörkun í efnahags- og félagsmálum þannig að þær styðji við samninga sem lagt geta grunn að stöðugleika.

Á komandi árum mun reyna á hvort við getum tekist á við veikleika hagkerfisins og komið hér á

svipaðri efnahagslegri umgjörð og er í nágrannalöndunum eða hvort við ætlum að láta tækifærin líða hjá og halda áfram í gamla farinu. Verði ekki veruleg hugarfarsbreyting hjá ríkisvaldinu mun viðleitni aðila vinnumarkaðarins til að koma hér á breyttri nálgun í efnahags- og kjaramálum verða unnin fyrir gýg.

Hvað þarft þú?

Hin hliðin

ÞÓRANNA K.
JÓNSDÓTTIR,
MBA, markaðsnörð



Á starfsferlinum og í viðskiptum er okkur stöðugt kennt að við þurfum að mæta þörfum hins aðilans. Markaðsdrifin fyrirtæki mæta þörfum markaðarins og starfsferilskráin er löguð að þörfum fyrirtækisins – það er jú markaðssetning á okkur sjálfum. En hvað með okkur? Getum við alltaf verið það sem hinn aðilinn vill? Eigum við ekki líka að hugsa um okkur sjálf? Ég vinn mikið með minni fyrirtækjum í markaðsmálum. Höfuðreglan í markaðsstarfinu er að uppfylla þarfir markaðarins. Flestir stofna hins vegar fyrirtæki vegna þess að þeir hafa brennandi ástríðu fyrir því sem þeir gera, og við vonum að sem

<

Tækjadagar í Múrbúðinni

20-40% AFSLÁTTUR



Rafhlöðuborvél með höggi,
HDA2544 18V
~~17.900~~
13.425



GMC 14,4V 1,2Ah með
aukarafflöðu, stiglaus hraði,
BMC taska
~~5.990~~
3.594



Drive homalaser 90 gráður
~~12.450~~
9.960



Drive giraffi gips- og spartl slípivél
620w 0-980sn/min
~~34.900~~
27.920




**40%
AFSLÁTTUR**
Arges HDA1508 kútsög
~~23.990~~
14.349



Drive Delta Sander 180W
~~3.390~~
2.542



AR636 18V Skrúfvél
Ni-Cd 2,0Ah 158Nm
~~16.990~~
12.742



Fræsari HDA1205 1800W
~~11.900~~
8.925



ALM14DF 14,4V Li-Ion
herðsluskrúfvél
2,8Ah 135Nm
~~56.890~~
22.134



Asaki AN871 180mm
Slípirokkur 2200w
~~13.890~~
10.417



ALM18DB 18V Li-Ion borvél
2,8Ah / 38Nm
~~39.990~~
29.992



AV226 800W höggborvél
~~16.900~~
12.675



Drive flisasög 600W
~~9.290~~
6.967



Drive LG3-70A 1800W
flisasög 86x57cm
~~139.900~~
83.940



Drive LG4-570A 800W flisasög
79x39cm borð
~~39.900~~
29.925



ALM18DD 18V höggborvél
Li-Ion 2,8Ah 38Nm 2 hraðar
~~41.800~~
31.350



AS103 370W 10mm
borvél
~~4.990~~
3.742



63102 4 bönd með
krókum 2,5x360 cm
~~2.490~~
1.743



64407
~~995~~
696



Asaki ASM 305 Asaki
Kútsög 1600W 305x30mm
~~49.909~~
29.994



SM-RLG07
Áltrappa 7 þrep, tvöföld
~~25.590~~
20.472



RLA-05
Áltrappa 5 þrep, tvöföld
~~6.690~~
5.352

Arges HDA2201 steinsög 1200w

~~7.990~~
4.794

**40%
AFSLÁTTUR**



Black&Decker
háþrýstidæla max bar 150
~~52.990~~
42.392

2100W, 420 ltr./klst.
Polir 50°C heitt vatn,
8 metra málmbarki,
sápubox, með burstu

**40%
AFSLÁTTUR**



Stingsög HDA1110, 710W
~~8.900~~
6.675



Drive Pro 600mm flísaokeri í tösku
~~21.990~~
16.492



60 MILLJÓNA TAP

Viðsnúningur hjá Kosti

Rekstur verslunarinnar Kosti í Kópavogi skilaði 60 milljóna króna tapi eftir skatta á síðasta ári. Þetta kemur fram í árs-reikningi Kosti lágvörðverslunar ehf. Þar segir að skuldir félagsins hafi verið 13,5 milljónum umfram eignir við síðustu áramót. Viðsnúningur hafi hins vegar orðið í rekstri félagsins, það sem af er árinu 2014, og eigið fé sé nú jákvætt.

20.10.2014 Hættan er nefnilega fyrir hendi. Hér liggja enn þá alveg gríðarlegar eignir, bæði til lengri tíma og skemmri tíma þótt, eins og ég hef skilið það, tekist hafi að losa um skammtímakrónueignir. Þær hafa minnkað úr 700 milljörðum í 350 milljarða en samt liggja enn gríðarlegar langtímaeignir og skammtímaeignir þannig að losun hafta getur á mannamáli skapað rými fyrir stóra aðila til að fara með eignir sínar úr landi sem getur skapað verulega hættu fyrir almennt launafólk.

Katrín Jakobsdóttir, formaður VG



KEYPTI HEIMKAUP.IS

Vefverslun í nýjar hendur

Móberg ehf. hefur ákveðið að selja Heimkaup.is úr rekstri sínum. Kaupendur eru Guðmundur Magnússon, framkvæmdastjóri hjá Latabæ, og fleiri fjárfestar. Þeir eignast fyrirtækið með kaupum sínum á Magna verslunum ehf., eiganda Heimkaup.is, Skifunnar og Gamestöðvarinnar. Guðmundur var áður framkvæmdastjóri Sony Center, Office One og BT.

Skorri Rafn Rafnsson, forstjóri Móbergs, segir í fréttatilkynningu að Móberg ætli að einbeita sér að öðrum sviðum og þar á meðal Bland.is.

STJÓRNAR- MAÐURINN

Frumkvöðlavottun

Hrefnu Ösp Sigfinnsdóttur hjá Landsbankanum þætti skynsamlegt að sjá stjórnvöld beita skattaafslætti til að auka þátttöku almennings á hlutabréfamarkaði.

HLUTABRÉFAMARKAÐURINN man sinn fífil feegurri. Viðskipti í ár eru minni en í fyrra og langt frá því sem var fyrir hrún. Vonandi stendur það til bóta enda skilvirkur hlutabréfamarkaður nauðsynlegur.

Stjórnarmaðurinn er sammála Hrefnu um aðkomu almennings að hlutabréfamarkaði en ósammála þeirri leið sem hún leggur til. Markaðurinn er hærra verðlagður en helstu samanburðarmarkaðir og varhugavert að keyra upp eftirspurn með skattaafslætti og valda innistæðulítti verðhækkun og viðkvæmum pappírsgróða.

En mætti ekki veita skattaafslátt til fjárfestingar í frumkvöðlastarfsemi?

SPROTAFYRIRTÆKI eiga erfitt uppdráttar í núverandi rekstrarumhverfi. Ofan á þau vandamál sem erlendir kollegar þeirra þurfa að yfirstíga, búa íslenskir sprotar við haftastefnu sem gerir nær ómögulegt að sækja erlent fjármagn. Skattaafsláttur gegn fjárfestingu í frumkvöðlastarfsemi gæti auðveldað að afgangi sprota að fjármagni.

Stjórnarmaðurinn leggur því til svokallaða frumkvöðlavottun. Slíkt væri veitt ungum fyrirtækjum, með tekjur undir ákveðnu hámarki og meginstarfsemi á Íslandi. Fjárfesting í frumkvöðlavottuðu fyrirtæki myndi skapa tekjuskattsafslátt fyrir fjárfestinn sem næmi 50% fjárfestingarinnar. Færi sprotafyrirtækið síðar í þrot myndi fjárfestirinn fá auka-tekjuskattsafslátt sem næmi 25% af fjárfestingunni, en myndi ekki þurfa að greiða fjármagnstekjuskatt ef hún skilaði hagnaði.

Galið munu sumir segja, en þetta er nú samt fyrirkomulag sem hefur gefið góða raun í Bretlandi.

Sprotafyrirtækin nota fjárfestingu til að ráða nýja starfsmenn, kaupa hráefni o.fl. Skattaafslátturinn skilar sér því jafnharðan út í þjóðfélagið og skapar skatttekjur.

Eftir hverju erum við að bíða?

ALLTAF LÉTTIST PYNGJAN Samtal Geirs Haarde og Davíðs Oddssonar í tengslum við lán Seðlabankans til Kaupþings var í fréttum í síðustu viku. Lánveitingin var ákveðin sama sólarhring og neyðarlögin svokölluðu, sem eins og allir vita kipptu stoðum endanlega undan alþjóðlegri bankastarfsemi á Íslandi. Báðir hafa varið ákvörðunina síðan. Geir sagði hana rétta í ljósi aðstæðna, og Davíð gekk enn lengra á prentaðri einkabloggsíðu sinni sem í daglegu tali kallast Reykjavíkurbréf. Eitt er þó erfiðara að verja, sú staðreynd sem endurspeglar í nýlegri Capacent-könnun að í ritstjórn Davíðs á Morgunblaðinu hefur lestur blaðsins dregist saman um þriðjung, með tilheyrandi tekjutapi fyrir útgáfufélagið.

TOYO TIRES

driven to perform

ÖRYGGI ALLAN HRINGINN

TOYO TIRES driven to perform

„Gripið sem ég þarf - hvernig sem viðrar“

Toyo harðskeljadekk hafa sannað sig við íslenskar aðstæður

„É